

# 332. KIRKJURÁÐSFUNDUR

FÖSTUDAGINN 17. DESEMBER 2021 KL. 9:30

haldinn á Biskupsstofu, Katrínartúni 4, 105 Reykjavík

---

## FUNDARGERÐ

---

- 1) Fundarsetning
- 2) Fjármál og fasteignir
  - a) Yfirferð á stöðu fjármála
  - b) Árnes 1
  - c) Uppgjör hlunninda í Saurbæ
  - d) Erindi vegna starfsloka
  - e) Valþjófstaður
  - f) Reykholt
  - g) Prókúra
  - h) Erindi sóknarprestsins á Melstað
  - i) Glaumbær
- 3) Kirkjuþing
  - a) Kirkjuþing 2021-2022
  - b) Yfirferð skrifstofustjóra kirkjuþings
- 4) Önnur mál

---

## 1. FUNDARSETNING

---

Agnes M. Sigurðardóttur biskup Íslands setti fund kl. 9:30 með ritningarlestri og bæn.

Þá sátu fundinn kirkjuráðsmennirnir séra Arna Grétarsdóttir, séra Axel Árnason Njarðvík, Stefán Magnússon og Svana Helen Björnsdóttir.

Jafnframt sátu fundinn Brynja Dögg Guðmundsdóttir Briem, framkvæmdastjóri kirkjuráðs, sem ritaði fundargerð, Ásdís Clausen, fjármálastjóri, Ragnhildur Ásgeirsdóttir, skrifstofustjóri Biskupsstofu og Pétur Georg Markan, biskupsritari.

Undir liðum 2a, 2b og 4a sátu jafnframt fundinn framkvæmdanefnd kirkjuþings; Anna Guðrún Sigurvinsdóttir, formaður, séra Skúli Ólafsson og Einar Már Sigurðarson. Jafnframt sátu liðinn 2a séra Gísli Jónasson og Ragnhildur Benediktsdóttir, skrifstofustjóri kirkjuþings, sem einnig sat fundinn undir liðum 3a og 3b. Séra Geir Waage, fyrrum sóknarprestur Reykholtsprestakalls, Pétur Davíðsson, endurskoðandi og Ásta Beck komu inn á fundinn undir lið 2f.

Framkvæmdastjóri og biskup reifuðu stöðu helstu mála sem eru í vinnslu

---

## 2. FJÁRMÁL OG FASTEIGNIR

---

### a) Yfirferð á stöðu fjármála

Fjármálastjóri kynnti ellefu mánaða uppgjör ársins.

### b) Árnes 1

Í tvígang var frestað að afgreiða erindi leigutaka á prestsetursjörðinni Árnes 1, Árneshreppi, dags. 23. september sl. meðan beðið var afgreiðslu kirkjuþings á máli er varðar fasteignir Þjóðkirkjunnar. Lagt var fram nýtt erindi leigutaka, dags. 15. desember 2021.

□ Kirkjuráð samþykkti framangreint erindi sem snýr að sölu íbúðarhúsnæðis. Jafnframt samþykkti kirkjuráð að núverandi samningur við leigjendur jarðarinnar yrði framlengdur til 10 ára.

Kirkjuþing samþykkti í 15. máli þingsins að víkja megi frá ákvæði 5. mgr. 4. gr. starfsreglna um prestssetur og aðrar fasteignir Þjóðkirkjunnar þar sem segir: *Kirkjuráð skal auglýsa á almennum markaði allar fasteignir Þjóðkirkjunnar, sem það hefur ákveðið að selja með samþykki kirkjuþings. Kirkjuráð skal taka hæsta tilboði eða hafna öllum. Komi slíkar aðstæður upp skal slík undanþága heimil með samþykki framkvæmdanefndar kirkjuþings. Framkvæmdanefnd kirkjuþings sat fundinn undir þessum lið og var sammála því að þessi ráðstöfun samræmdist fjárhagslegum hagsmunum kirkjunnar.*

### c) Uppgjör hlunninda í Saurbæ

Ákvörðun í málinu var frestað á síðasta fundi. Fyrir fundinum lá bréf, dags. 27. október 2021, krafa fyrrum sóknarprests um uppgjör vegna hlunninda Saurbæjarjarðarinnar.

□ Kirkjuráð samþykkti kröfuna að því marki sem þær greiðslur sem um ræðir hafa borist Þjóðkirkjunni-Biskupsstofu.

*d) Erindi vegna starfsloka*

Ákvörðun var frestað frá síðasta fundi kirkjuráðs. Rætt var um málefni fyrrum sóknarprests í Saurbæ. Kirkjuráð tók ákvörðun um greiðslu hlunninda eins og greinir í lið 2c, ekki þótti tilefni til frekari greiðslna vegna starfsloka sökum þess að kirkjuráð hefur ekki lögsögu hvað það varðar. Úttekt verður framkvæmd á vormánuðum.

*e) Valþjófsstaður*

Lagt fram minnisblað, dags. 9. desember 2021 varðandi ósk Landsvirkjunar um rannsóknarheimild vegna vindorku.

Kirkjuráð samþykkti erindið með fyrirvara um að aflað verði samþykkis ábúenda Valþjófsstaða 2.

*f) Reykholt*

Kirkjuráð ræddi málefni Reykholtstaðar. Fyrrum sóknarprestur sat undir liðnum að hluta til og kynnti hugmyndir sínar að sölu á hitaveitu Reykholtstaðar.

*g) Prókúra*

Rætt var sérstaklega um málefni Digraneskirkju varðandi þennan lið og endurfjármögnun láns.

Kirkjuráð samþykkti að Þjóðkirkjan-Biskupsstofa gengist í ábyrgð fyrir lán Digraneskirkju sem Jöfnunarsjóður sókna var áður í ábyrgð fyrir.

Kirkjuráð samþykkti á grundvelli bráðabirgðaákvæðis nýsamþykkttra starfsreglna kirkjuþings um fjármál, að framkvæmdastjóra kirkjuráðs yrði veitt prókúra fyrir Þjóðkirkjuna-Biskupsstofu. Starfsreglurnar taka gildi næstu áramót en bráðabirgðaákvæðið hefur þegar tekið gildi.

*h) Erindi sóknarprestsins á Melstað*

Lagt fram erindi sóknarprests á Melstað, dags. 9. október 2021.

Kirkjuráð samþykkti að gerður yrði samningur við prestinn um ótímabundinn leigusamning á húsnæðinu með hefðbundnum uppsagnarfresti.

*i) Glaumbær*

Lagt fram erindi sóknarprests í Glaumbæ, dags. 12. desember 2021.

Kirkjuráð samþykkti erindið.

---

### 3. KIRKJUÞING

---

*a) Mál sem voru afgreidd voru á kirkjuþingi 2021-2022, 22.-23. nóvember sl.*

**2. mál.** *Skýrsla um fjármál þjóðkirkjunnar og fjárhagsáætlun Þjóðkirkjunnar 2022.*

Kirkjuþing 2021-2022 samþykkir fjárhagsáætlun kirkjunnar fyrir árið 2022.

**6. mál.** *Þingsályktun um vinnu vegna stefnumótunar í samskipta-, úmyndar- og kynningarmálum þjóðkirkjunnar.*

Þingsályktunin felur í sér að könnun verður framkvæmd í þeim tilgangi að safna upplýsingum um viðhorf þjóðarinnar til þjóðkirkjunnar. Í kjölfarið verður farið í greiningarvinnu á niðurstöðum svo þjóðkirkjan geti mætt betur þörfum og væntingum almennings og starfsfólks. Um leið var samþykkt að starfshópur um samskipta-, ímyndar,- og kynningarmál þjóðkirkjunnar vinni að nýrri samskiptastefnu þjóðkirkjunnar og leiðbeiningum til sókna um samfélagsmiðla og sameiginlegt markaðsefni.

#### **8. mál.** *Starfsreglur um kjör til kirkjuþings.*

Starfsreglurnar eru afurð nefndar sem kirkjuþing 2020-2021 kaus til að endurskoða starfsreglur um kjör til kirkjuþings. Tillögurnar áttu að miða að lýðræðislegu kosningakerfi og gæta jafnræðis. Núverandi kjördæmaskipan og fjöldi kirkjuþingsfulltrúa er óbreyttur en leitast við að efla kosningaþátttöku.

Starfsreglurnar hafa verið birtar á vef kirkjunnar, kirkjan.is.

#### **10. mál.** *Starfsreglur um kirkjuþing.*

Um er að ræða nýjar starfsreglur þar sem kirkjuþing hefur fengið aukna ábyrgð með nýjum þjóðkirkjulögum. Reglurnar lúta að forseta þingsins og yfirstjórn, stöðu þingsins og verkefnum, skrifstofu og starfsmannahaldi. Starfsreglur um þingsköp kirkjuþings gilda áfram en þær snúa þó fyrst og fremst að kirkjuþingsfundum, þingmálum og störfum nefnda þingsins.

Helstu nýmæli eru að kirkjuþing getur ávallt afturkallað umboð nefndarmanna á kjörtímabilinu og kosið nýja nefndarmenn í þeirra stað, jafnframt getur þingið kosið nýjan forseta kirkjuþings á kjörtímabili óski 2/3 hlutar þingfulltrúa eftir því. Forseti ræður starfsmenn þingsins.

Starfsreglurnar hafa verið birtar á vef kirkjunnar, kirkjan.is.

#### **11. mál.** *Starfsreglur um þingsköp kirkjuþings.*

Helsta breytingin sem nýjar starfsreglur fela í sér er nýr kafli um sérstakt hæfi fulltrúa á kirkjuþingi.

Starfsreglurnar hafa verið birtar á vef kirkjunnar, kirkjan.is.

#### **15. mál.** *Þingsályktun um sölu fasteigna.*

Þingsályktunin felur í sér að kirkjuþing 2021-2022 samþykkir að fela kirkjuráði/ framkvæmdanefnd kirkjuþings að selja eftirtaldar fasteignir enda fáist viðunandi söluverð:

1. Árnes 1, Árneshreppi.
2. Voli, Flóahreppi.
3. Skeggjastaðir, Langanesbyggð.
4. Syðra-Laugaland, Eyjafjarðarsveit (Íbúðarhús og lóð).
5. Brúnir (úr Syðra-Laugalandi), Eyjafjarðarsveit.
6. Hamrahlíð 12, Vopnafirði.
7. Hvammstangabraut 21, Hvammstanga.

□ Kirkjuráð samþykkti að fela fasteignasviði að hefja sölufurli á Vola, Skeggjastöðum, Syðra-Laugalandi, Brúnum, Hamrahlíð 12 og Hvammstangabraut 21. Framkvæmdanefnd mun taka afstöðu til tilboða þegar þau liggja fyrir.

**22. mál.** *Þingsályktun um stofnun starfshóps til að skilgreina þörf fyrir presta og djákna vegna vígðrar grunnþjónustu þjóðkirkjunnar á landsvísu.*

Þingsályktunin felur í sér að skipaður er fimm manna starfshópur sem starfar í samráði við biskupafund og nýtur aðstoðar starfsfólks biskupsstofu eftir því sem þörf krefur og aðstæður leyfa. Leitað verður álitis vígðra þjóna, sóknarnefndarfólks og starfsfólks safnaða. Starfshópurinn skili skýrslu til kirkjuþings 2022. Á grundvelli hennar verði endurskoðuð, eftir því sem við á, skipting landsins í starfseiningar, prófastsdæmi, prestaköll og/eða samstarfssvæði og horft verði til framtíðar.

Eftirtaldir aðilar voru skipaðir í nefndina:

Séra Arna Grétarsdóttir, formaður

Hermann R Jónsson,

Séra Gísli Gunnarsson,

Svana Helen Björnsdóttir

Séra Þóra Björg Sigurðardóttir

**27. mál.** *Starfsreglur um íslensku þjóðkirkjuna erlendis.*

Starfsreglurnar eru afrakstur nefndar sem skipuð var á kirkjuþingi árið 2019 til að endurskoða starfsreglur um íslensku þjóðkirkjuna erlendis. Helstu breytingar starfsreglnanna fela í sér að miðað er við að djáknar geti líka sinnt verkefnum á vegum þjóðkirkjunnar erlendis, miðað er við að umfang og kostun þjónustu íslensku þjóðkirkjunnar erlendis grundvallist á því fjárframlagi sem kirkjuþing ákveður til starfseminnar ár hvert, ásamt mögulegu viðbótarframlagi frá einstaka söfnuðum, sem taki mið af stærð, aðstæðum og umgjörð viðkomandi safnaðar. Skilgreindar eru sértækar hæfniskröfur sem djáknar og prestar sem starfa fyrir íslensku þjóðkirkjuna erlendis, þurfa að jafnaði einnig að uppfylla. Þá er gert ráð fyrir að halda megi samráðsfund íslensku þjóðkirkjunnar erlendis með stafrænum hætti.

Starfsreglurnar hafa verið birtar á vef kirkjunnar, kirkjan.is.

**28. mál.** *Þingsályktun um stuðning þjóðkirkjunnar við safnaðarstarf erlendis.*

Þingsályktunin felur í sér að kirkjulegt starf Íslendinga í Danmörku, Svíþjóð, Noregi, Bretlandi, Lúxemborg og Spáni á nú fastan árlegan fjárstyrk úr sjóðum þjóðkirkjunnar til stuðnings kirkjulegri starfsemi sem þar er innt af hendi á vegum Íslendinga. Með tillögunni er fjárstuðningur sem hefur verið veittur til margra ára festur í sessi auk þess sem Spáni er bætt við þau lönd þar sem starf kirkjunnar er styrkt. Úthlutunarnefnd verði falið að semja sérstakar reglur vegna úthlutunar til safnaðarstarfs erlendis.

**31. mál.** *Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um kjör til kirkjuþings.*

Lagt var til að kosningarrétt til kirkjuþings eigi hver leikmaður sem skráður er í íslensku þjóðkirkjuna og náð hefur 18 ára aldri.

Málið fékk ekki framgang á kirkjuþingi.

**35. mál.** Þingsályktun um Vímuvarnarstefnu Þjóðkirkjunnar.

Um er að ræða endurskoðun á Vímuvarnarstefnu Þjóðkirkjunnar.

Stefnan hefur verið birt á vef kirkjunnar, kirkjan.is.

**38. mál.** Tillaga að starfsreglum um rekstrarskrifstofu Þjóðkirkjunnar.

Málið var dregið til baka.

**40. mál.** Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um kirkjuþing unga fólksins nr. nr.

952/2009, með síðari breytingum.

Málið var sameinað 42. máli.

**41. mál.** Starfsreglur um áframhaldandi gildi starfsreglna Þjóðkirkjunnar.

Starfsreglurnar fela í sér framlengt gildi starfsreglna til 1. janúar 2023. Er þetta gert í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að núgildandi starfsreglur sem ekki tókst að endurskoða fyrir þingið, falli ekki úr gildi um áramótin.

Starfsreglurnar hafa verið birtar á vef kirkjunnar, kirkjan.is.

**42. mál.** Starfsreglur um kirkjuþing unga fólksins.

Málið var sameinað 40. máli en tillögurnar voru fluttar í þeim megingilngi að tryggja að áfram verði í gildi starfsreglur um kirkjuþing unga fólksins. Helstu breytingarnar fela í sér að kirkjuþing unga fólksins skal haldið árlega á tímabilinu ágúst – maí og starfar í tvo daga yfir helgi. Aldursviðmið þingfulltrúa eru rýmkuð svo fulltrúar skulu vera á aldrinum 14 – 35 ára en fyrir var hámarksaldur þingfulltrúa 30 ár.

Starfsreglurnar hafa verið birtar á vef kirkjunnar, kirkjan.is.

**43. mál.** Starfsreglur um héraðsfundi og héraðsnefndir.

Tillagan var flutt í þeim tilgangi að tryggja það að áfram yrðu í gildi starfsreglur um héraðsfundi og héraðsnefndir. Eldri reglur voru samþykktar á kirkjuþingi 2020 – 2021 í septembermánuði 2020. Einungis smávægilegar breytingar voru gerðar á efni eldri reglna.

Starfsreglurnar hafa verið birtar á vef kirkjunnar, kirkjan.is.

**44. mál.** Starfsreglur um starfskostnað vegna prestsþjónustu og prófastsstarfa.

Tillaga þessi er flutt í þeim tilgangi að tryggja það að áfram verði í gildi starfsreglur um starfskostnað vegna prestsþjónustu og prófastsstarfa. Starfsreglurnar voru samþykktar á kirkjuþingi 2020 – 2021 í septembermánuði 2020. Þeim var breytt á kirkjuþingi í marsmánuði 2021 og aftur á aukakirkjuþingi í júnímánuði 2021. Tillögur þessar eru samhljóða núgildandi 3 starfsreglum með áorðnum breytingum. Einungis smávægilegar breytingar eru gerðar.

Starfsreglurnar hafa verið birtar á vef kirkjunnar, kirkjan.is.

**45. mál.** Þingsályktun um Jafnréttisstefnu Þjóðkirkjunnar.

Stefna Þjóðkirkjunnar og áætlun um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna hefur verið samþykkt af Jafnréttisstofu.

Stefnan hefur verið birt á vef kirkjunnar, kirkjan.is.

#### **46. mál. Þingsályktun um Jafnlaunastefnu Þjóðkirkjunnar**

Stefnan hefur verið birt á vef kirkjunnar, kirkjan.is.

Kirkjuráð mun tilkynna þeim sem í hlut eiga um framangreindar samþykktir og breytingar á starfsreglum.

#### *b) Yfirferð skrifstofustjóra kirkjuþings*

Rætt var um kirkjuþing sem fyrirhugað er 26.-28. mars næstkomandi, fyrirkomulag og stöðu þingmála.

---

### 4. ÖNNUR MÁL

---

Rætt var um stefnumótun í kærleikspjónustu, starfshópur hafði skilað af sér málinu og kirkjuráð vísað til stýrihóps um stefnumótun. Í ljós hefur komið að vinna þarf málið áfram og verður það á ábyrgð biskups í samráði við starfshópinn sem hefur unnið að málinu. Vonast er til þess að tillagan geti orðið tilbúin fyrir kirkjuþing í mars nk.

Kirkjuráð fundaði með framkvæmdanefnd kirkjuþings á síðasta fundi sínum. Kirkjuráð óskar framkvæmdanefnd velfarnaðar og góðs gengis í störfum sínum. Jafnframt var biskupi sérstaklega þakkað fyrir gott samstarf og faglega leiðsögn sem forseti kirkjuráðs. Þá var framkvæmdastjóra kirkjuráðs þakkað traust og farsælt samstarf.

Fundi slitið kl. 15:15.

---

Agnes M. Sigurðardóttir  
biskup Íslands

---

Pétur G. Markan  
biskupsritari

---

Séra Arna Grétarsdóttir

---

Séra Axel Árnason Njarðvík

---

Stefán Magnússon

---

Svana Helen Björnsdóttir